

verði að prófi loknu hæfir kennarar við skóla gagnfræðastigsins og aðra þá framhaldsskóla, þar sem viðkomandi greinar eru kenndar. 83

10. sept.

Þeir nemendur, sem í prófi sínu hafa lokið 2 stigum í uppeldisfræðum, hafa þar með fullnægt ákvæðum 13. greinar laga nr. 16/1947, um menntun kennara, að því er tekur til skóla gagnfræðastigsins.

Hér með er úr gildi felld auglýsing nr. 91 frá 28. des. 1950.

Í menntamálaráðuneytinu, 10. september 1951.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

FORSETA BRÉF

84

um að reglulegt Alþingi 1951 skuli koma saman til fundar
mánudaginn 1. október 1951.

17. sept.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1951 skuli koma saman til fundar mánudaginn 1. október 1951.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13,30.

Gjört í Reykjavík, 17. september 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

AUGLÝSING

85

um breyting á forsetaúrskurði frá 14. marz 1950, um skipun og
skipting starfa ráðherra o fl.

9. okt.

Forseti Íslands hefur í dag fallizt á tillögu forsætisráðherra um eftirfarandi breyting á forsetaúrskurði frá 14. marz 1950, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.:

Við III. lið:

Orðin „utanríkisverzlun með sjávarafurðir“ falli burt, en í staðinn komi: útflutningsverzlun. Aftan við liðinn bætist: Iðnaðarmál, þar undir iðnskólar, iðnaðarnám, iðnfélög. Eftirlit með verksmiðjum og vélum. Einkaleyfi.

Við V. lið:

Aftan við liðinn bætist: Mælitækja- og vogaráhaldamál. Veðurstofan.